

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 1	Áfangaheiti BHE 501 Kennsluáætlun 5. Önn 2013	

Kennari	Kristján B. Jónsson	Sk.st.	
----------------	---------------------	---------------	--

Áfangalýsing:

Fjallað er um virkni, skoðun, stillingu og prófun framleiðsluhluta hemlakerfa. Farið er yfir stöðu- og neyðarhemlakerfi og hvernig þau eru skoðuð og prófuð. Farið er yfir gerð og virkni hjólhemla, m.a. læsivörn og þeir skoðaðir og stilltir. Þjálfuð er tækni við viðgerðir hjólhemla. Enn fremur leit að loftlekum í leiðslukerfi og viðgerðir á þeim. Kynnt er hemlakerfi eftirvagna, farið yfir hjálparhemlakerfi, þ.e. drifskafthemla, útblásturshemla og ýti hemla eftirvagna og æfð prófun hemla í hemlaprófara. Áhersla er lögð á slysaættu við viðgerðir þrýstiloftshemlakerfa og ábyrgð viðgerðarmanna vegna akstursöryggis.

Markmið:

Nemandi þekki: Helstu gerðir þrýstiloftshemlakerfa, íhluti þeirra og hjálparhemla: drifskafthemla, útblásturshemla og ýti hemla eftirvagna, slysaættu við viðgerðir þrýstiloftshemlakerfa, ábyrgð viðgerðarmanna vegna akstursöryggis.

Nemandi geti: Lýst virkni þrýstiloftshemlakerfa, helstu hluta þeirra og gert skoðanir og prófað hemlakerfi. Sinnt algengum viðgerðum þessara hemlakerfa og sinnt reglubundnu viðhaldi þrýstiloftshemla

Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1. Útg. 2006.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 822/2004.

Verkefnablöð kennara.

Áætlun um yfirferð:

Farið yfir námsefni lotunnar, fjallað um ýmsar gerðir loftkerfa, staðsetningu íhluta, hlutverk þeirra, virkni loftkerfa, viðgerðir og viðhald þeirra. Skoðaðir íhlutir bæði lausir og í ökutækjum.

Nemendur vinna verkefni þar sem mælingar eru gerðar á loftkerfum, hemlaprófun og stýringum á loftkerfum.

Farið er yfir hvaða atvik eða bilanir sem geta komið upp í loftkerfum með áherslu á loftbremsukerfi. Hvernig staðið skuli að viðgerð á loftkerfum með áherslu á hvað má og má ekki í umgengni og viðgerðir á loft og bremsukerfum stórra bíla.

Nemendur skila tveimur heimaverkefnum, vinna verkefni í bílum og svo er skriflegt lokapróf.

Verkefni:

Verkleg verkefni, heimaverkefni og lokapróf.


Námsmat og vægi námsþátta:


Próf 40%. Verkefni 40%. Ástundun 20%.

Annað:

Einkunn fyrir liðinn ástundun byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkunn 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunnin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítinn áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkunn og getur einnig endað í 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólans.

Dagsetning: 04.01.2013


Undirritun kennara


Undirritun þrautarstj., fagstj eða staðgengils